

Ed. 1231. Frumvarp til laga [236. mál]

um sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs á láni vegna byggingar stálvölsunarverksmiðju.

(Eftir 2. umr. í Ed., 10. júní.)

1. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt, gegn þeim tryggingum sem hann metur gildar, að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán að fjárhæð allt að 1,55 millj. bandaríkjadala, eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í íslenskri mynt, sem tekin eru til byggingar stálvölsunarverksmiðju í Vatnsleysustrandarhreppi. Auk skilyrða laga nr. 37/1961, um ríkisábyrgðir, verði þess gætt að hlutfé fyrirtækisins sé a. m. k. 30% af stofnkostnaði verksmiðjunnar, að samningar séu fyrir hendi við banka er tryggi rekstrarfé til fyrirtækisins og að gætt verði náttúruverndarsjónarmiða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.